

## Skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Þórðar J. Þórissonar

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Þórðar J. Þórissonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 10.000.- sem er framlag Kynjakatta, Kattaræktarfélags Íslands. Það fé sem sjóðnum kann að berast fyrir 1. júní 1994 skal talið til stofnfjár.

3. gr.

Sjóðinn skal ávallt ávaxta á sem arðbærastan hátt í Íslandsbanka hf. Tekjur sjóðsins skulu vera 5% af félagsgjöldum Kynjakatta, Kattaræktarfélags Íslands, 25% af hagnaði kattaræktarsýninga félagsins, auk frjálsra framlaga. Stofnfé sjóðsins má ekki skerða.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja félag í Kynjaköttum, Kattaræktarfélagi Íslands, til öflunar aukinnar þekkingar í kattarækt.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú meðlimir Kynjakatta. Þar af skal einn vera formaður Kynjakatta og tveir skulu kjörnir á aðalfundi félagsins ár hvert. Sjóðsstjórn skiptir með sér verkum.

6. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir a.m.k. einu sinni á ári og skal til þeirra boðið af formanni. Stjórnin heldur fundargerðarbók og skulu fundargerðir undirritaðar af stjórnarmönnum í lok fundar.

7. gr.

Stjórnin tekur ákvarðanir um hvernig fé sjóðsins skuli varið. Stjórnin tekur við skriflegum umsóknum um styrki úr sjóðnum, metur þær og úthlutar styrkjum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins veitir móttöku öllu því fé sem til sjóðsins skal renna. Formaður skal skrá nöfn þeirra, sem sjóðinn efla, í sérstaka bók er stofnendur sjóðsins hafa áður ritað í nöfn sín og minningargjafir. Einnig skal hann sjá um að bókin sé ávallt geymd á öruggum stað. Stjórnin sér um reikningshald sjóðsins.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal endurskoða skipulagsskrá hans á 2ja ára fresti. Má þá breyta henni á aðalfundi eftir því viðhorfi sem breyttir tímar kunna að hafa skapað. Sér til aðstoðar skal stjórn sjóðsins fá stjórn Kynjakatta. Þess skal vel gætt við breytingar skipulagsskrárinnar að upphafleg markmið sjóðsins sé í heiðri haft.

10. gr.

Reikninga sjóðsins skal endurskoða árlega. Tilnefni stjórn Kynjakatta tvo menn til þess.